



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Davíð Örvar Hansson <david.hansson@ust.is>
Re: Umhverfisstofnun leitar athugasemda vegna framkvæmda við Mývatn
Sent: 10.10.2014 15:38:35 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2014100005, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2014100005

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um stígagerð í landi Kálfastrandar, Mývatssveit.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að farið verði í framangreindar framkvæmdirnar eins og þeim er lýst. í erindinu.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Davíð Örvar Hansson <david.hansson@ust.is>
Dags: 10.10.2014 11:43:58
Til: arnie@hi.is, ni@ni.is
Efni: Umhverfisstofnun leitar athugasemda vegna framkvæmda við Mývatn

Góðan dag.

Umhverfisstofnun hugar að endurbótum á göngustíg í landi Kálfastrandar, frá bílastæði við afleggjara að bænum, að Klösum sem eru við vatnsbakka Mývatns. Göngustígurinn sem fyrir er er undir miklu álagi enda fer ferðamönnum á svæðinu hratt fjölgandi. Ætlunin er að breikka göngustíginn og leggja hann malar undirlagi í stað moldar sem fyrir er. Það skal áréttað að gamla stignum verður fylgt að öllu leyti.

Gert er ráð fyrir að stígurinn verði um 150 cm. breiður, eða svo breiður að gangandi einstaklingar geti mæst með góðu móti. Dýpt malarlagsins í stígunum kemur til með að verða um 10 cm..

Verkinu verður skipt niður en í þetta skiptið er ætlunin að fara frá bílastæði og allt að 150 metra áleiðis að Klösum. Gert er ráð fyrir að um 30 rúmmetrar efnis fari í stíginn. Efnið verður flutt frá námu við Reykjahlíðarflugvöll.

Göngustígurinn er allur innan friðlandsins Mývatns og Laxár og samkvæmt 17.

gr. reglugerðar 665/2012 ber að leita umsagnar

Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Ísland vegna framkvæmdaleyfa innan friðlýsta svæðisins.

Í viðhengi er kort sem sýnir gróflega legu gönguleiðarinnar. Framkvæmdasvæðið er merkt með bláum hring.

Því leitar Umhverfisstofnun eftir því hvort stofnanirnar geri athugasemd við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Svar óskast við fyrsta mögulega tækifæri svo hægt sé að nýta hagstætt veðurfar næstu daga.

Bestu kveðjur, Best regards
Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur, Nature reserve officer
Svið Náttúru, Department for Nature

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)
(See attached file: Kálfaströnd_kort.pdf)